

AUGLÝSING

um skipulag í Borgarbyggð.

Óverulegar breytingar á deiliskipulagi Viðskiptaháskólans á Bifröst.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt ofangreindar breytingar á skipulagi.

Breytingarnar felast í því að lóð núverandi leikskóla og lóð undir þjónustubyggingu (leikskóla) fyrir sveitarfélagið eru sameinaðar í eina lóð og heildarstærð þeirra minnkuð. Jafnframt eru byggingarreitir á ofangreindum lóðum sameinaðir í einn byggingarreit.

Breytingar á deiliskipulaginu hafa fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirlaust af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Ofangreindar breytingar á skipulaginu öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag frístundabyggðar að Þiðriksbæli í landi Kvía í Þverárhlið.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt ofangreint skipulag.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirlaust af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Ofangreint skipulag öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag iðnaðarlóðar við Vallarás 15, Borgarnesi.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt ofangreint skipulag.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirlaust af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Ofangreint skipulag öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 15. maí 2002.

Sigurður Páll Harðarson, bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 631, 16. ágúst 2001, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2001/2002.

1. gr.

Á 10. gr. verða eftirgreindar breytingar:

- a. Í stað 1. málslíðar 1. mgr. 10. gr. komi tveir nýir málslíðir er orðast svo: Þegar fiskiskipi hefur verið úthlutað aflamarki, er heimilt að flytja aflamarkið á milli fiskiskipa enda leiði flutningurinn ekki til að veiðheimildir skipsins verði bersýnilega umfram veiðigetu þess. Tilkynna skal Fiskistofu um flutning aflamarks og öðlast hann ekki gildi fyrr en Fiskistofa hefur staðfest hann.

- b. Í stað orðanna: „6 brl. eða 6 brúttótonnum“ í 5. mgr. komi: 15 brúttótonnum.
- c. 7. mgr. orðist svo: Á hverju ári er aðeins heimilt að flytja af fiskiskipi aflamark, umfram aflamark sem flutt er til skips, sem nemur 50% af samanlögðu aflamarki sem fiskiskipi er úthlutað. Heimilt er Fiskistofu að víkja frá þessari takmörkun á heimild til flutnings aflamarks vegna breytinga á skipakosti útgerðar eða þegar skip hverfur úr rekstri um lengri tíma vegna alvarlegra bilana eða sjótjóns
- d. 8. mgr. orðist svo: Tilkynning um flutning aflamarks skal hafa borist Fiskistofu eigi síðar en 15 dögum eftir að veiðitímabili lýkur.

2. gr.

Í stað orðanna: „6 brl. eða 6 brúttótonnum“ í 1. mgr. 11. gr. komi: 15 brúttótonnum.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 24. maí 2002.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Pórður Eypórsson.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Kirkjumiðstöðina við Vestmannsvatn í Aðaldal, Suður-Pingeyjarsýslu, Pingeyjarprófastsdæmi.

1. gr.

Stofnunin heitir Kirkjumiðstöðin við Vestmannsvatn. Hún er sjálfseignarstofnun og rekur á eigin ábyrgð kirkjumiðstöð fyrir ýmsa starfsemi á vegum þjóðkirkjunnar svo sem sumarbúðir ungmenna, mót, námskeið og orlofsdvalir.

Stofnunin yfirtók og eignaðist eignir ÆSK við Vestmannsvatn samkvæmt gjafaafsali dagsett 23. mars 1992.

Eignir þessar voru afhentar skuldlausar og án allra kvaða.

Stofnfé stofnunarinnar var það húsnæði sem eigninni fylgdi.

2. gr.

Starfsemi Kirkjumiðstöðvarinnar miðar að eflingu kirkjulegs starfs og aukinni samvinnu safnaðanna, þannig að þeir fái betur rækt hlutverk sitt við boðun fagnaðarerindisins og þjónustu við samfélagið.

Markmiði þessu hyggst stofnunin ná með því að starfrækja kirkjumiðstöð.

3. gr.

Tekjur Kirkjumiðstöðvarinnar eru framlög einstaklinga, héraðssjóða, félaga og stofnana, svo og tekjur af eigin starfsemi.